

## 9. gr.

Skrifstofa Seltjarnarnessbæjar annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum bæjarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

## 10. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 413 21. september 1979.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## GJALDSKRÁ

fyrir heimilisþjónustu á Seltjarnarnesi.

## 1. gr.

Ellilífeyrisþegar og öryrkjar með fulla tekjutryggingu greiða ekki heimilisþjónustu.

## 2. gr.

Aðrir greiða helming launakostnaðar samkvæmt samningum Sóknar.

## 3. gr.

Gjaldskráin taki breytingum í samræmi við breytingar sem kunna að verða á reglugerðum vegna laga um almennar tryggingar svo og samningsbundinna launahækkana.

Gjaldská þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá nr. 153 22. febrúar 1980.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. mars 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*